

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Kjóabyggð í landi Borgaráss.

Breytingin nær eingöngu til lands Borgaráss og felst í því að gert er ráð fyrir tveimur um 1 ha frístundahúsalóðum á svæði næst Hvítárholtssvegi. Þá hafa eldri lóðir í landi Borgaráss einnig verið mældar upp og lóðir 1-3 við Krummabraut verið sameinaðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. ágúst 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.